

AUGLÝSING

um staðfestingu forsetaúrskurðar um breytingu á forsetaúrskurði nr. 96 23. maí 2003, um skiptingu starfa ráðherra.

Forseti Íslands hefur samkvæmt tillögu forsætisráðherra og með skírskotun til 15. gr. stjórnarskrárinnar, laga um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969, og reglugerðar samkvæmt þeim frá 31. desember 1969, með síðari breytingum, í dag gefið út svohljóðandi úrskurð um breytingu á forsetaúrskurði nr. 96 frá 23. maí 2003, um skiptingu starfa ráðherra:

Samkvæmt tillögu forsætisráðherra er hér með gerð sú breyting á forsetaúrskurði nr. 96 frá 23. maí 2003, um skiptingu starfa ráðherra, að Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir fer með ráðherrastörf þau sem Tómasi Inga Olrich voru falin í nefndum forsetaúrskurði og fer með menntamálaráðuneytið.

Forsætisráðuneytinu, 31. desember 2003.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.